

Nr. 121 / 11 Tómas Þorvaldsson GK 10***Skipverji slasast hendi***

Skipaskr.nr. 1006
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 334 brl. 504 bt.
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 14



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. september 2011 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum á NV miðum. Veður: V 3 m/sek og ölduhæð 1 m.

Skipverjar sem unnu í lest við frágang afla voru að færa til kar og renndu því inn á milli annarra kara í stæðu en við það klemmdist á milli baugfingur vinstri handar annars þeirra með þeim afleiðingum að hann brotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða höfðu utanaðkomandi aðstæður engin áhrif á það að fingurinn varð á milli heldur gætti hann þess ekki að sleppa takinu þegar karinu var rennt inn í stæðuna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.